



Byggðasafnið Skógum, ný sýning: Samgöngur á Íslandi



Laugardaginn 20. júlí opnaði Sturla Bøðvarsson nýtt sýningarhús í byggðasafninu á Skógum sem hýsir sýninguna Samgöngur á Íslandi. Hægra megin við Sturlu á myndinni er Þórður Tómasson safnstjóri.

Nýja húsið er 1.520 m<sup>2</sup> en sýningarsvæðið er 1.100 m<sup>2</sup>. Það verður síðar aukið um 600 m<sup>2</sup> með millilofti.

Samstarfsaðilar Byggðasafnsins að sýningunni eru Þjóðminjasafnið, Vegagerðin og Íslandspóstur. Hönnuður sýningarinnar er Björn G. Björnsson.

Minjasafn Vegagerðarinnar leggur til fjölda ýmiskonar safngripa sem ekki hafa verið tök á áður að hafa opinberlega til sýnis. Á myndinni hér að neðan má sjá tvö af tækjum Vegagerðarinnar.

Sýningin er mjög skemmtilega sett upp, opin og björt. Hugmyndin er að sýningin þróist og stækki. Einnig verður tækjum skipt út þannig að áhugasamir gestir geti komið aftur og aftur. Það er notaleg tilfinning að ganga um á milli þessara gömlu tækja og láta nostalgíuna kitla sig í magann.



Samgönguminjasafnið Ystafelli

Vegfarendur á leið til Húsavíkur frá Akureyri hafa löngum tekið eftir miklum fjölda gamla bíla í kringum bæinn Ystafell sem stendur við Norðausturveg (85) aðeins norðan við Ljósavatn. Þar hefur búið Ingólfur Kristjánsson bifvélavirki frá árinu 1946 og jafnhliða búskap hefur hann safnað að sér ýmsum merkilegum minjum um samgöngusögu þjóðarinnar. Þann 8. júlí 2000 var svo Samgönguminjasafn að Ystafelli formlega opnað.

Í sýningarhúsinu eru nú 35 uppgerðir bílar til sýnis en utanhúss eru um 200 bílar og önnur farartæki.

Sverrir, sonur Ingólfs, er einnig bifvélavirki og veitir hann safninu forstöðu. Hann tekur á móti gestum alla daga frá kl. 10 til 20 og veitir leiðsögn sé þess óskað.

Sýningin er skemmtilega persónuleg og greinilegt að aðstandandur safnsins reka það með mikilli natni.

### Niðurstöður útboða

#### Hringvegur (1) um Hnausakvísl, vegtengingar 2002 - 2003 02-007

Tilboð opnuð 29. júlí 2002. Norðurland vestra.

Hringvegur (1) um Hnausakvísl, vegtengingar 2002 - 2003. Verkið er fólgið í gerð 220 m langs bráðabirgðavegar og tengingu nýrrar brúar á Hnausakvísl á um 560 m löngum kafla.

Helstu magntölur: fyllingar og fláafleygar 8.500 m<sup>3</sup>, burðarlög 2.600 m<sup>3</sup>, malarslitlag 160 m<sup>3</sup>, tvöföld klæðing 4.200 m<sup>2</sup>, grjótvörn 300 m<sup>3</sup>, frágangur fláa 6.700 m<sup>2</sup>.

Verki skal að fullu lokið 1. júní 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5	Nóntindur ehf., Búðardal	13.513.500	206,4	7.631
4	Steingrímur Ingvarsson, Austur-Húnavatnssýslu	8.041.500	122,8	2.159
3	Borgarverk ehf., Borgarnesi	6.976.000	106,6	1.093
2	Ástvaldur Benediktsson, Hvammstanga	6.756.880	103,2	874
---	Áætlaður verktakakostnaður	6.547.000	100,0	664
1	Fjörður sf., Skagafirði	5.882.740	89,9	0

